

19. stjórnarfundur Kraftlyftingasambands Íslands var haldinn á skrifstofu sambandsins í Laugardal mánudaginn 3. október kl. 18.00. Mætt voru Sigurjón, Guðjón, Birgir og Gry. Kári boðaði forföll.

Þetta gerðist.

- 1) Farið var yfir fundargerð síðasta fundar og hún samþykkt.
- 2) Stjórnin ítrekar fyrri samþykkt um að kraftlyftingarmenn Gróttu mega keppa undir merkjum félagsins þangað til kraftlyftingadeildin hafi verið formlega stofnuð.
- 3) Ósk hefur borist frá Hjalta Árnasyni um samþykki Kraftlyftingasambandsin fyrir kraftlyftingamót í tengslum við Icelandic Fitness & Health Expo í nóvember. Stjórnin hefur ekkert við slíkt mót að athuga svo lengi sem farið er í öllu eftir reglum ÍSÍ og IPF við framkvæmd mótsins.  
**Aðgerð:** **Guðjón** kemur þessu til skila við Hjalta.
- 4) Mótaskrá 2012.  
Mótanefnd er að leggja lokahönd á drög að mótaskrá næsta árs. Drögin verða lögð fyrir stjórn til samþykktar við fyrsta tækifæri. Erindi frá Hjalta Árnasyni vegna Expo 2012 er óafgreitt vegna ónógra upplýsinga.  
**Aðgerð:** **Birgir** og **Guðjón** ræða við Hjalta. **Birgir** sendir drög að mótaskrá til stjórnarinnar um leið og þau liggja fyrir. **Gry** aflar upplýsinga um reglur erlenda sambanda varðandi keppni án búnaðar.
- 5) Græjumál.  
Ólympíska lóðasett KRAFT hefur verið komið í umsjá Breiðabliks. Hnébeygjustatíf, lóð og stöng í eigu KRAFT hefur verið komið til Kraftlyftingadeildarinnar á Stokkseyri. Rauði bekkurinn og ein stöng er í umsjón Hjalta Árnasonar.  
**Aðgerð:** **Guðjón** og **Birgir** vinna nákvæma skrá yfir græjur í eigu KRAFT þar sem fram kemur hvar þær eru geymdar.
- 6) Erindi við ÍSÍ  
- Gildandi reglur um úthlutun Lottótekna hjá mörgum héraðssamböndum eru kraftlyftingarfélögum mjög óhagstæðar.  
**Aðgerð:** **Sigurjón** og **Guðjón** reifa málið við framkvæmdastjóra ÍSÍ.  
  
- Afreksstefna KRAFT og ÍSÍ.  
Tímabært er að KRAFT vinni skýra stefnu í málum afreksmanna.  
**Aðgerð:** **Sigurjón** undirbýr málið með það í huga að fjalla um það á formannafundi eða/og fundi með afreksnefnd ÍSÍ.  
  
- Stjórn KRAFT gerir athugasemdir við úthlutun ÍSÍ á A-styrk til afreksmanna og þykir þar hallað á kraftlyftingarmönnum.  
**Aðgerð:** **Sigurjón** og **Guðjón** ræða við fulltrúa ÍSÍ.
- 7) Bikarmót KRAFT 2012  
Gry sagði frá fundi með stjórn KFA þar sem ræddur var undirbúningur undir bikarmótið í lok nóvember. Stjórnin samþykkir tvöfaldan skráningarfrest; mánuði fyrir mót þurfa félög að skrá sína keppendur, í síðasta lagi 14 dögum fyrir mót verða keppnisgjöld greidd og þyngdarflokkur endanlega staðfestur. Ekki má bæta við keppendum í seinni skráningu. Keppnisgjald samþykkt 4500 krónur.  
**Aðgerð:** **Birgir/Guðjón** ræða við KFA um að koma keppnissettinu norður. **Gry** undirbýr skjöl

fyrir mótið. **Gry** tekur við skráningum og tryggir um leið að félög sendi tilskilinn fjölda starfsmanna á mótið. **Kári** ræðir við KFA um notkun á Goodlift. **Birgir** tryggir að bikarar komast norður fyrir mótið.

8) HM 2012.

Auðunn Jónsson og María Guðsteinsdóttir eru skráð á HM. Klaus Jensen er aðstoðarmaður Maríu og dæmir á mótinu. Grétar verður aðstoðarmaður Auðuns. Stjórnin ákvað að fela Klaus að vera fulltrúi KRAFT á þing IPF.

**Aðgerð:** **Gry** skráir Grétar aðstoðarmann. **Kári** pantar flug fyrir Auðunn og Grétar. **Sigurjón** ræðir við Klaus um þingsetu.

9) Formannafundur.

Ákveðið var að fresta formannafundarins til sunnudagsins 23.oktober kl. 13.00

**Aðgerð:** **Gry** boðar fundinn.

10) Alþjóðleg mót á Íslandi.

Búið er að sækja um Norðurlandamót unglunga 2013. Sótt verður um að fá að halda Vestur-Evrópukeppnina.

**Aðgerð:** **Sigurjón** skoðar hvernig á að koma því á framfæri við EPF.

11) Kynning á kraftlyftingum í framhaldsskóla.

Kraftlyftingar voru kynntar á Flensborgardeginum 29.september sl. Félagar úr Kraftlyftingafélagi Garðabæjar sáu um kynninguna að beiðni stjórnar. Stjórnin þakkar þeim fyrir að bregðast vel við beiðninni með skömmum fyrirvara.

**Aðgerð:** **Gry** kemur þessari kveðju til skila.

Fundi slitið 19.10

Fundarritari Gry Ek